

# Raftíðindi

3. tbl. 2011

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is

## Vorfundur Samorku á Akureyri

Samorka hélt reglubundinn vorfund sinn í menningarhúsinu Hofi á Akureyri 26. og 27. maí. Skráðir þátttakendur voru 185 frá orku- og veitufyrirtækjum landsins. Fjöldmargir makar þátttakenda komu einnig, enda prýðileg dagskrá í boði sérstaklega fyrir þá. Í tengslum við fundinn var helstu birgjum aðildarfyrirtækja Samorku boðið að kynna vörur sínar og þjónustu fyrir þátttakendum. Ennfremur sóttu sýninguna fjöldmargir starfsmenn orku- og veitufyrirtækja á svæðinu. Virkir þátttakendur í þessum viðburði voru vel á fjórða hundráð.

Samorka hefur um margra ára skeið staðið fyrir samskonar ráðstefnu og sýningu á Akureyri á þriggja ára fresti og höfum við hjá Smith & Norland auðvitað verið þátttakendur frá upphafi. Segja má með sannri ástund að þessar samkomur hafa ávallt heppnast einstaklega vel, enda kjörinn vettvangur til að efla fræðslu, kynni og samstöðu á þessu sviði atvinnulífsins.

Nánar um fundinn [hér](#).



Frá vorfundi Samorku sem haldinn var á Akureyri 26. og 27. maí.

## Elfact & Light 2011

Elfact-rafmagnsvörusýningin var haldin í Gautaborg 9.-13. maí sl. Sýningin kallast nú Elfact & Light til að leggja áherslu á aukið vægi lýsingarbúnaðar á sýningunni. Sjaldan hefur áhugi fagmanna á rafmagnssviði fyrir þessari sýningu verið meiri. Fjöldi sýnenda var 475 á 19.000 m<sup>2</sup> sýningarsvæði og sló aðsóknin öll fyrri met. Þegar upp var staðið höfðu um 30.000 manns sótt sýninguna þessa fimm daga og þótti hún endurspegla að sænskt efnahagslíf er nú á uppleið. Talsverður fjöldi íslenskra rafveitu- og rafíðnaðarmanna sækir ávallt þessa sýningu til að kynna sér nýjungar í faginu. Að þessu sinni lögðu flestir sýnendur áherslu á orkusparandi lausnir og vistvæna orkuframleiðslu. Eins og ávallt voru birgjar Smith & Norland áberandi á sýningunni með glæsilega bása og kynningar á fjölmörgum nýjungum. Nægir þar að nefna **Siemens, Rittal og Nexans**.

Næsta Elfact & Light-sýning verður haldin í **Gautaborg árið 2013**.

Nánar um sýninguna [hér](#).



Frá Elfact & Light 2011, í Gautaborg 9.-13. maí.

## TIA Portal Kynning á nýjum hugbúnaði frá Siemens!

Í ágústlok fáum við góða heimsókn frá **Siemens**. Sérfræðingur frá iðnstýrideild fyrirtækisins mun kynna nýjan og einstaklega áhugaverðan hugbúnað fyrir Siemens-iðntölvur, **TIA Portal**. TIA Portal er samræmt forritunarviðmót fyrir allar iðntölvur, skjái, hraðabreyta, netkerfi o. þ. h. frá Siemens.

Um er að ræða þrjár eins dags kynningar, eina á Akureyri og tvær í Reykjavík. Kynningin á Akureyri verður mánudaginn 29. ágúst en í Reykjavík verða kynningar þriðjudaginn 30. og miðvikudaginn 31. ágúst.

### Dagskrá hvernar kynningar er sem hér segir:

Kl. 9:00	Hvað er TIA Portal?
Kl. 9:30	Æfingar með TIA Portal.
Kl. 11:30	Hádegisverður.
Kl. 12:30	Nýjungar sem tengjast TIA Portal.
Kl. 13:00	Fleiri æfingar með TIA Portal.
Kl. 15:00	Samantekt.

Nánari upplýsingar og skráning [hér](#).



Kynning á TIA Portal á Elfact & Light 2011.



more added value

## Nýjung!

### Nándarnemar frá Balluff


Smith & Norland hefur nú sölu á nándarnemum frá þýska fyrirtækinu Balluff. Balluff er traust og leiðandi fyrirtæki með áratuga reynslu í framleiðslu á nándarnemum. Frá Balluff bjóðum við spennema, rýmdarnema, úthljóðsnema, fótosellur, þrýstingsskynjara og margt fleira.

**Hér** má sjá þá nándarnema, ásamt snúrum og tengjum, sem við eigum nú þegar til á lager. Nánari upplýsingar um Balluff og þeirra vöruúrval má finna **hér**.

## Nú er komið sumar og að mörgu að hyggja!

Hjá okkur færðu almennt raflagnaefni og lýsingarbúnað í miklu úrvali, hvort sem það er fyrir vinnustaði, heimili eða sumarbústaði. Á þessu blaði má sjá lítið dæmi um þær vörur sem við bjóðum. Gæðavörur á góðu verði!

- 1 Viðvörðunareining frá Eldes  
Fyrir heimili, sumarbústaði, bílskúra, báta o. fl.
- 2 Sjálfvör og lekaliða frá Siemens
- 3 Lagna- og gólflistarennur frá OBO Bettermann
- 4 Rakapétt raflagnaefni frá Hensel
- 5 Iðnaðarefni frá PCE
- 6 Sjálfstillandi hitastrengur frá Nexans
- 7 Delta natur rofa- og tenglaefnið frá Siemens
- 8 Mikið úrval lýsingarbúnaðar frá þekktum framleiðendum, eins og Fagerhult og Lival
- 9 Dyrasímakerfi frá SSS Siedle
- 10 Netstigar frá OBO Bettermann
- 11 Rafmagnspilofnar frá Dimplex
- 12 Töfludimma, ljósdeyfa, spennubreyta o. fl. frá Dinuy ásamt ótalmörgu öðru hágæðarafmagnsefni frá virtum framleiðendum.



**ATH!**

Þetta tákn vísar á lifandi slóð.

Kynntu þér málin hjá sölumönnum okkar.



SIEMENS



# SMITH & NORLAND

Allar upplýsingar má finna á slóðinni [www.sminor.is/raftidindi.htm](http://www.sminor.is/raftidindi.htm)